

Innheimtustofnun sveitarfélaga
Ársreikningur 2012

Innheimtustofnun sveitarfélaga.
Lágmúla 9
108 Reykjavík

Kt. 530372-0229

Efnisyfirlit

Undirritun stjórnenda á ársreikninginn	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Undirritun stjórnenda á ársreikninginn

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Innheimtustofnun sveitarfélaga var stofnuð árið 1972 og starfar eftir lögum nr. 54/1971

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur það meginhlutverk að innheimta meðlög og sérstök framlög samkvæmt barnalögum hjá meðlagsskyldum aðilum á grundvelli dóms, staðfest samnings eða úrskurðar sýslumanns sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt til meðlagsmóttakenda.

Markmið Innheimtustofnunar hefur undanfarin ár verið að vera yfir 70% í innheimtuhlutfalli árlega, þ.e. að innheimta yfir 70% hlutfall af útborguðu meðlagi hvers árs. Þetta markmið hefur náðst á ári hverju frá 2003. Innheimtuhlutfallið var 73,8% árið 2012, en var 76,5% árið 2011. Kröfur til innheimtu vegna ársins 2012 námu rúmlega 3,541 milljörðum kr. en innheimtar voru tæpir 2,866 milljarðar kr. Fjöldi meðlagsgreiðenda árið 2012 var alls 12.292. Fjöldi þeirra skuldara sem er í erfiðleikum fjölgar um 788 frá árinu 2011 og eru nú 3.966 aðilar.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga stendur straum af þeim meðlögum sem ekki innheimtast á árinu. Þannig verða ávallt full skil til Tryggingarstofnunar ríkisins á útborguðum meðlögum ársins. Markmið stjórnar Innheimtustofnunar er því að leitast við að efla innheimtuárangur og þurfa þar af leiðandi að sækja sem minnst af fjármunum í Jöfnunarsjóð. Á árinu 2012 þurfti að sækja 0,9 milljarð kr. í Jöfnunarsjóð til að standa full skil við Tryggingastofnun ríkisins.

Rekstur ársins 2012

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins voru tekjur umfram gjöld af rekstri stofnunarinnar 115,7millj. kr. Eigið fé stofnunarinnar nam 15.577,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórnunarhættir

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira.


Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu stofnunarinnar á árinu 2012, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012.


Stjórn og forstjóri Innheimtustofnunar sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. júní 2013.

Í stjórn stofnunarinnar:



Forstjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2012, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.


Reykjavík, 14. júní 2013.

KPMG ehf.



Við undirrituð skoðunarmenn Innheimtustofnunar sveitarfélaga, skipuð af fulltrúaráði Sambands íslenskra sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við ákvæði laga og reglna og leggjum við til að hann verði staðfestur.

Reykjavík, 14. júní 2013.



Rekstrarreikningur ársins 2012

Rekstrartekjur	Skýr.	2012	2011
Innheimtir dráttarvextir		334.677.218	342.445.903
Innheimtubóknun vegna erlendrar innheimtu		9.163.322	8.712.037
Innheimtubóknun vegna fyrirtækja		1.031.670	5.382.936
Önnur innheimtubóknun		14.308.201	11.015.657
Endurkrafinn fjárnámskostnaður		14.551.762	11.354.354
		<u>373.732.173</u>	<u>378.910.887</u>
 Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	12	162.980.187	183.798.652
Annar rekstrarkostnaður		89.050.743	92.007.086
		<u>252.030.930</u>	<u>275.805.738</u>
Afskriftir	13	10.605.357	5.899.411
		<u>262.636.287</u>	<u>281.705.149</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		111.095.886	97.205.738
Fjármunatekjur		5.714.602	4.519.653
Rekstrarniðurstaða ársins	19	<u><u>116.810.488</u></u>	<u><u>101.725.391</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2012	2011
Varanlegir rekstrarfjármunir		32.386.931	36.727.936
Hugbúnaður		38.481.024	44.745.376
Fastafjármunir samtals	13	<u>70.867.955</u>	<u>81.473.312</u>
Meðlagskröfur til innheimtu	14	15.602.824.822	14.697.375.396
Óinnheimtar kröfur		8.660.124	7.286.776
Fyrirframgreiddur kostnaður		517.508	0
Handbært fé		122.065.142	110.415.421
Veltufjármunir samtals		<u>15.734.067.596</u>	<u>14.815.077.593</u>
Eignir samtals		<u><u>15.804.935.551</u></u>	<u><u>14.896.550.905</u></u>
Eigið fé			
Framlag Jöfnunarsjóðs		13.012.661.376	12.215.786.295
Annað eigið fé		2.565.820.825	2.449.010.337
Eigið fé samtals	19	<u>15.578.482.201</u>	<u>14.664.796.632</u>
Skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	20	176.931.380	171.777.666
Skuldbindingar samtals		<u>176.931.380</u>	<u>171.777.666</u>
Skuldir			
Tryggingastofnun ríkisins	21	0	19.505.547
Innanríkisráðuneytið	22	40.580.357	29.770.572
Erlendar innheimtur	23	336.494	278.429
Ógreiddur kostnaður		8.605.119	10.422.059
Skuldir samtals		<u>49.521.970</u>	<u>59.976.607</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>226.453.350</u>	<u>231.754.273</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>15.804.935.551</u></u>	<u><u>14.896.550.905</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
Niðurstaða ársins samkvæmt rekstrarreikningi	19	116.810.488	101.725.391
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	13	10.605.357	5.899.411
Breyting á lífeyrisskuldbindingu		9.527.223	21.961.020
Veltufé frá rekstri		136.943.068	129.585.822
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(2.334.448)	2.192.789
Handbært fé frá rekstri		134.608.620	131.778.611
Fjárfestingarhreyfingar			
Meðlagskröfur til innheimtu, breyting		(905.449.426)	(731.589.821)
Óinnheimtar kröfur, breyting		(1.373.348)	(577.252)
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum		0	(253.104)
Fjárfestingarhreyfingar		(906.822.774)	(732.420.177)
Fjármögnunarhreyfingar			
Framlag Jöfnunarsjóðs, breyting		796.875.081	716.142.793
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar		(4.373.509)	(4.814.655)
Skuld við Tryggingastofnun ríkisins, breyting		(19.505.547)	(88.587.847)
Innanríkisráðuneytið, breyting		10.809.785	(4.555.409)
Erlendar innheimtur, breyting		58.065	(825.029)
Fjármögnunarhreyfingar		783.863.875	617.359.853
Breyting á handbæru fé		11.649.721	16.718.287
Handbært fé í ársbyrjun		110.415.421	93.697.134
Handbært fé í árslok		122.065.142	110.415.421

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu, í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um gerð ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlausn tekna

Dráttarvextir eru reiknaðir á gjaldfallnar kröfur í samræmi við lög nr. 41/1986. Innheimtir dráttarvextir eru tekjufærðir í rekstrarreikningi. Aðrar tekjur eru innheimtubóknun og endurkrafinn fjárnámskostnaður.

3. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

4. Endurgreiddur virðisaukaskattur

Stofnunin fær endurgreiddan virðisaukaskatt af sérfræðiþjónustu skv. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og skv. ákvæðum reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á framreiknuðu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

Fasteign	50 ár
Innréttingar og áhöld	5-10 ár

6. Hugbúnaður

Stofnunin hefur fjárfest í nýjum hugbúnaði sem tekinn var í notkun í janúar 2012. Hugbúnaðurinn er færður á kostnaðarverði. Hugbúnaðurinn er afskrifaður á 7 árum.

7. Innheimtukröfur

Meðal eigna í efnahagsreikningi eru taldar heildarfjárhæðir þeirra krafna, sem stofnunin hefur til innheimtu án þess að mat sé lagt á innheimtanleika þeirra. Heildarfjárhæð krafna kemur fram í skýringu 14 og í skuldahlið efnahagsreiknings kemur fram skipting á eigendum.

8. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

9. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

10. Annað eigið fé

Líðurinn "annað eigið fé" hefur myndast á árunum 1986 - 2012. Hér er um að ræða innheimtu dráttarvaxta samkvæmt lögum nr. 41/1986 og aðrar tekjur umfram gjöld. Tekjur þessar lækka framlag Jöfnunarsjóðs til greiðslu meðlaga.

11. Lífeyrisskuldbinding

Færð er upp lífeyrisskuldbinding hjá stofnuninni vegna áfallinna lífeyrisréttinda starfsmanna. Starfsmenn stofnunarinnar eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um sjóðinn. Skuldbinding stofnunarinnar vegna þessa er í árslok færð í ársreikninginn og er hún byggð á tryggingafræðilegum útreikningi og er miðað við 2,0% vextir við útreikning. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 20.

Skýringar, frh.:

12. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2012	2011
Laun	121.688	127.445
Bífreiðastyrkur	3.709	4.701
Launatengd gjöld	28.056	29.692
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	9.527	21.961
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>162.980</u>	<u>183.799</u>
Stöðugildi að meðaltali	19	21

Laun stjórnar og forstjóra námu 16,6 millj. kr. á árinu 2012. (2011: 16,8 millj. kr.)

13. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Áhöld og tæki	Innréttingar	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2012	32.525	4.842	39.344	44.745	121.456
Afskrifað áður	(10.694)	(2.459)	(26.830)	0	(39.983)
Afskrifað á árinu	(651)	(886)	(2.804)	(6.264)	(10.605)
Bókfært verð 31.12.2012	<u>21.180</u>	<u>1.497</u>	<u>9.710</u>	<u>38.481</u>	<u>70.868</u>
Samtals heildarverð 2012	32.525	4.842	39.344	44.745	121.456
Afskrifað samtals	(11.345)	(3.345)	(29.634)	(6.264)	(50.588)
Bókfært verð 31.12.2012	<u>21.180</u>	<u>1.497</u>	<u>9.710</u>	<u>38.481</u>	<u>70.868</u>
Afskriftahlutföll	2%	20%	10-20%	14%	

Fasteignamat húseignar nam 56,8 millj. kr. í árslok 2012 og brunabótamat nam á sama tíma 92,7 millj. kr.

14. Meðlagskröfur til innheimtu

Heildarfjárhæð innheimtukrafnar nam í árslok 20.703 millj. kr. Þar af eru kröfur eldri en 12 mánaða xx millj. kr. Meðlagskröfur til innheimtu greinast þannig:

Meðlagskröfur á einstaklinga	20.691.907
Meðlagskröfur á fyrirtæki	11.182
Óinnheimtir dráttarvextir	(4.964.581)
Óinnheimtur fjárnámskostnaður	(135.683)
Meðlagskröfur til innheimtu samtals	<u>15.602.825</u>

Skýringar nr. 15 - 18 sýna hvernig einstakir liðir hér að ofan greinast á árinu 2012.

15. Meðlagskröfur á einstaklinga

Meðlagskröfur á einstaklinga greinast þannig á árinu 2012:

Óinnheimtar kröfur 1.1.2012	19.663.462
Skuldfærður kostnaður	4.877
Skuldfærðir vextir (sjá skýringu 17)	451.692
Kröfur 2012	3.541.212
Breytingar á kröfum	8.953
Kröfur millifærðar á fyrirtæki	(8.639)
Afskrifaðar kröfur	(103.617)
Til innheimtu samtals	<u>23.557.940</u>
Innheimt 2012	(2.866.033)
Meðlagskröfur á einstaklinga samtals	<u>20.691.907</u>

Skýringar, frh.:

16. Meðlagskröfur á fyrirtæki

Meðlagskröfur á fyrirtæki greinast þannig á árinu 2012:

Óinnheimtar kröfur 1.1.2012	12.254
Skuldfærður kostnaður	478
Skuldfærðir vextir (sjá skýringu 17)	(133)
Kröfur millifærðar	8.638
Afskrifaðar kröfur	(1.186)
Afskrifaðir vextir	(544)
Til innheimtu samtals	19.507
Innheimt 2012	(8.325)
Meðlagskröfur á fyrirtæki samtals	11.182

17. Óinnheimtir dráttarvextir á árinu 2012

Óinnheimtir dráttarvextir á árinu 2012 greinast þannig:

Staða 1.1.2012	4.848.244
Álagðir dráttarvextir 2012	1.604.604
Niðurfelldir dráttarvextir	(1.153.590)
Til innheimtu samtals	5.299.258
Innborgað á árinu	(334.677)
Óinnheimtir dráttarvextir samtals	4.964.581

18. Óinnheimtur fjárnámskostnaður

Óinnheimtur fjárnámskostnaður greinist þannig á árinu 2012:

Óinnheimtur fjárnámskostnaður vegna fyrri ára	130.123
Skuldfærður fjárnámskostnaður 2012	20.112
Greiddur fjárnámskostnaður 2012	(14.552)
Óinnheimtur fjárnámskostnaður samtals	135.683

19. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	Framlag jöfnunarsjóðs	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2012	12.215.787	2.449.010	14.664.797
Krafa frá fyrra ári	19.506		19.506
Krafa ársins	884.034		884.034
Afskrifaðar meðlagskröfur á árinu	(104.803)		(104.803)
Afskrifaður lögfræðikostnaður á árinu	(1.862)		(1.862)
Rekstrarniðurstaða ársins		116.810	116.810
Eigið fé 31.12.2012	13.012.662	2.565.820	15.578.482

20. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding stofnunarinnar greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	171.778
Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	9.527
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar á árinu	(4.374)
Lífeyrisskuldbinding í árslok	176.931

Skýringar, frh.:

21. Skammtímaskuldir

Skuld við Tryggingastofnun ríkisins greinist þannig:

Skuld 1.1.2012	19.506
Kröfur 2012	3.541.212
Breytingar á kröfum	8.953
	<u>3.569.671</u>
Skil ársins	(2.666.131)
Greitt úr Jöfnunarsjóði	(903.540)
Skuld við Tryggingastofnun ríkisins í árslok	<u>(0)</u>

22. Skuld við Innanríkisráðuneytið

Skuld við Innanríkisráðuneytið greinist þannig:

Staða 1.1.2012	29.771
Innheimt 2012	143.105
Skuldfærður kostnaður	(185)
Skil ársins	(132.111)
Skuld við Innanríkisráðuneytið í árslok	<u>40.580</u>

23. Skuld vegna erlendar innheimtu

Skuld vegna erlendar innheimtu greinist þannig:

Staða 1.1.2012	278
Innheimt 2012	89.419
Skuldfærður kostnaður	0
Skil ársins	(89.361)
Erlendar innheimtur samtals	<u>336</u>

24. Aðrir liðir

Vergur kostnaður í hlutfalli við innheimtar kröfur er sem hér segir:

	2012	2011	2010
Innheimt samtals	3.106.882	2.993.530	2.668.134
Vergur kostnaður	229.300	237.001	202.655
Hlutfall	7,38%	7,84%	7,60%